

Allsherjar- og menntanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Norðurlandi eystra, 2. nóvember 2023


Efni: Umsögn stjórnar SSNE um tillögu til þingsályktunar um fasta starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslu Íslands á Akureyri, 327. mál.

Stjórn SSNE fagnar framkominni þingsályktunartillögu um fasta starfsstöð á Akureyri fyrir eina af þyrlum Landhelgisgæslunnar. Að mati stjórnar væri þetta skynsamleg og löngu tímabær ráðstöfun til að tryggja betur öryggi fólks víða um land, en eins og fram kemur í umsögn Landhelgisgæslu Íslands um sama mál þá yrði þetta stórt framfaraskref í viðbragðs-, öryggis-, og eftirlits- og björgunarmálum þjóðarinnar. Þannig myndi neyðar- og viðbragðsgeta Landhelgisgæslunnar við íbúa um land allt stóráukast, einkum á Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi, á hálendinu og miðum landsins.

Stjórn SSNE telur ekki skynsamlegt að hafa allar þyrlur landhelgisgæslunnar staðsettar á sama landsvæði ef tekið er tillit til aðstæðna sem upp geta komið um land allt s.s. óveður. Þá eru augljós tækifæri sem felast í tengingu við sjúkraflugið sem er staðsett á Akureyri.

Stjórn SSNE skorar á Alþingi að afgreiða þetta mál sem allra fyrst á jákvæðan hátt, enda myndi föst viðvera þyrlusveitarinnar á Akureyri einfaldlega geta bjargað mannlífum.

Fyrir hönd stjórnar SSNE,

A handwritten signature in blue ink that reads 'Albertína Friðbjörg Elíasdóttir'.

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
Framkvæmdastjóri SSNE.